

---

**Menntun barna í leit að alþjóðlegri vernd  
þeirra réttur – okkar skyldur**



**Lækjarskóli**

Ábyrgð - Virðing - Öryggi

# Börn umsækjenda um alþjóðlega vernd

---

Umsækjendum um alþjóðlega vernd á Íslandi hefur fjölgað mikið á sl. tveimur árum, árið 2016 var metár.

Fjölskyldur með börn eru stækkandi hópur umsækjenda, einnig hefur fylgdarlausum börnum sem sækja um alþjóðlega vernd fjölgað.

Hafnarfjörður er eitt þriggja sveitarfélaga sem þjónusta einstaklinga og fjölskyldur í leit að alþjóðlegri vernd.

Á sl. tveimur árum hafa á þriðja tug barna í leit að alþjóðlegri vernd stundað skólagöngu í hafnfirskum grunnskólum, flest í Lækjarskóla.

Bæði er um að ræða börn í þjónustu bæjarins og börn í þjónustu ÚTL.

Töluverð reynsla og þekking varðandi aðstæður barnanna og móttöku þeirra í skólann hefur skapast.

# Reynslan úr Lækjarskóla

---

Um er að ræða börn í mjög viðkvæmri stöðu sem huga þarf sérstaklega að.

Foreldrar eru oft undir miklu álagi og ekki færir um að vera bakland barna sinna.

Bið eftir því að komast í skólaúrræði og þar með daglega rútinu er of löng. Frá nokkrum vikum upp í nokkra mánuði.

Í flestum tilfellum þarf að útvega börnunum öll skólagögn, viðeigandi fatnað, heitan mat í hádegi o.s.frv.

Bakgrunnsupplýsingar eru af skornum skammti og breytast stundum dag frá degi.

Börnin bera oft mikla ábyrgð og dæmi eru um að þeim sé beitt í þágu málsmeðferðar.

Málsmeðferð getur tekið marga mánuði og biðin eftir niðurstöðu hennar er mjög streituvaldandi fyrir alla fjölskylduna.

Ólíkt öðrum flóttabörnum eru þessi börn ekki komin í „öruggt“ skjól.

# Reynslan úr Lækjarskóla

---

Mörg barnanna hafa erfiða áfallasögu og sum hafa verið á flóttu í langan tíma.

Í mörgum tilfellum hafa börnin brotkennda eða slaka skólagöngu að baki.

Mörg barnanna sýna einkenni áfallastreituröskunar s.s. kvíða, depurð, pirring, forðun, skerta einbeitingu og athygli, doða, viðbrigðni, reiði o.fl.

Við finnum að óvissa og öryggisleysi sem börnin búa við hefur mikil áhrif á líðan þeirra.

Mörg þessara barna munu ekki fá alþjóðlega vernd hér á landi og mörg þeirra gera sér grein fyrir þeirri stöðu.

Allir ofangreindir þættir hafa áhrif á námsgetu barnanna.

# Að hverju þarf að huga?

---

**Þetta er sérstakur hópur barna með sérstakar þarfir. Mikilvægt er að vera vakandi yfir líðan þeirra og þörfum.**

**Tryggja þarf að börnin komist sem fyrst í skólaúrræði, líka ungmenni frá 16-18 ára!**

**Allar stofnanir sem koma að málefnum barnanna þurfa að vinna saman.**

**Mikilvægt er að unnið sé heildstætt að málefnum þessara barna þvert á stofnanir og skólastig.**

**Í hverju sveitarfélagi þarf að vera teymi sem hefur yfirsýn yfir málefni barnanna á breiðum grunni. Einnig þurfa sveitarfélögin að samræma verklag og vinnubrögð.**

**Mjög brýnt er að marka stefnu í málaflokknum og þróa verklagsreglur fyrir sveitarfélög að vinna eftir.**

# Hvað er mikilvægt að skólinn geri?

---

**Afli upplýsinga um námslegan bakgrunn, hann getur verið mjög misjafn.**

**Geri námslegt stöðumat s.s. í stærðfræði, ensku, móðurmáli, sundi o.fl.**

**Stuðli að einstaklingsmiðaðri nálgun í námi og stuðningskennslu.**

**Skapi rólegt, myndrænt, traust og aðlaðandi námsumhverfi að því marki sem hægt er.**

**Byggi á styrkleikum barnanna og hugi að því hvaða nálgun í námi, námsgreinar og veganesti nýtist þeim best. T.d. ef þau fá ekki alþjóðlega vernd.**

**Veri í góðu samstarfi við foreldra um velferð barnanna.**

**Veiti kennurum og öðru starfsfólki skóla, fræðslu, ráðgjöf og handleiðslu.**

# Þeirra réttur – okkar skylda

---

**Hvers vegna er svo mikilvægt að veita börnunum okkar bestu þjónustu?**

---

*„Mætti ég aðeins eitt fyrir yður brýna: Hvert einstakt líf, það heimtar samhjálp þína.“*

*(Bertholt Brecht)*

*Takk fyrir í dag*



**Lækjarskóli**

Ábyrgð - Virðing - Öryggi